

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 30. júlí 2018  
UST201806-135/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag – Jarðböðin – Skútustaðahreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 11. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Jarðbaðanna í Skútustaðahreppi. Í erindinu kemur fram að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafi samþykkt að auglýsa tillöguna að nýju, ekki kemur fram hvers vegna, en meðfylgjandi er minnisblað þar sem farið er yfir ferilpróf sem Ísor framkvæmdi að beiðni Jarðbaðanna í Mývatnssveit. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um tillögu að breyttu deiliskipulagi Jarðbaðanna 26. apríl sl.

### **Botnþétting baðlóns**

Í umsögn um tillögu að deiliskipulagi Jarðbaða dagsett 26. apríl 2018 telur Umhverfisstofnun skorta upplýsingar um botnþéttingu á baðlóni, enda er áætlun um að stækka það margfalt. Í greinargerð er fylgir ofangreindri endurnýjaðri tillögu að deiliskipulagi er fjallað um botnþéttingu og kemur fram að botnþéttingu verði háttáð eins og í eldri hluta baðlónsins. Ekki kemur fram hvernig þéttingu er háttáð í eldri hluta svo enn skortir upplýsingar um botnþéttingu baðlónsins. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um botnþéttingu skipta máli þegar metin eru möguleg áhrif lónsins á grunnvatn svæðisins.

### **Veitur**

Í umfjöllun um veitur í greinargerð kemur fram að affallsvatni frá baðlóni er veitt ofan í borholu vestan við affallslónið og að sú útfærsla hefur verið notuð síðan fyrri hluta árs 2015. Einnig kemur fram að hreinsun á grávatni, frárennsli frá sturtum, eldhúsi og álíka verði framkvæmd með fitu og fastefnaskiljum og síðan veitt ásamt affallsvatni baðlóns í sömu borholu. Einnig kemur fram að umrædd borhola er um 84 metra djúp og með fõðrun á um 60 metra og að í dag er magn affallsvatns frá baðlónum sem dælt er niður 20 – 30 l/sek.

## Ferilprófun

Í minnisblaði Ísor er fylgir erindinu kemur fram að að beiðni Jarðbaðanna í Mývatnssveit hafi Ísor tekið að sér að kanna afdrif affallsvatns sem fer í niðurrennslisholu LUD12. Einnig kemur fram að þann 17. október 2017 hafi ferilefni verið sett í holuna, og er sýnum til greininga safnað á sjö stöðum. Einnig kemur fram að áður höfðu sýni verið tekin úr öllum holunum sem s.k. bakgrunnssýni. Lengi vel sáust ekki merki um ferilefni, en í lok maí hefur ferilefni mælst í Grjótagjá, Vogagjá og Langavogi og fer styrkurinn hækkandi. Umhverfisstofnun tekur undir það að sýnatökum og efnagreiningum verði haldið áfram fram eftir ári, eða alla vega þar til styrkur efnisins hefur náð hámarki. Að mati Umhverfisstofnunar kalla niðurstöður ofangreinds verkefnis með ferilefni á vöktun á grunnvatni og lindum í nágrenni Jarðbaðanna.


Í aðalskipulagi Skútustaðahrepps er víðfemt vatnsverndarsvæði þar sem innstraumar eru miklir í Mývatn. Ljóst er að ef mengun berst frá Jarðböðum þá eru allir straumar í átt til Mývatns og að þangað safnast því mengun. Skv. 4. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður – Þingeyjarsýslu nr. 97/2004 skal forðast að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árið samkvæmt ákvæðum laganna, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.


Að mati Umhverfisstofnunar kemur skýrt fram í minnisblaði Ísor að affallsvatnið úr holunni er að dreifa sér á vöktunarstaðina og þar með út í Mývatn. Þar af leiðandi þarf að koma fram í greinargerð hvaða efni eru í affallinu sem er dælt í holuna. Einnig þarf að koma fram hvernig á að koma í veg fyrir að affallið fari út í grunnvatn og þar með Mývatn, sérstaklega ef um er að ræða efni sem gætu valdið neikvæðum áhrifum á lífríki Mývatns..

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á að ekki var hægt að afgreiða umsögn fyrir 20. júlí sl.

Hjálagt eru fyrri umsagnir stofnunarinnar um ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Verkefnisstjóri